




Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031, Arnarstapi - Hellnar.

Mkv. 1 : 10.000. Uppdráttur breytist ekki.

..... Afmörkun svæðis sem textabreyting tekur til

Greinargerð með óverulegri breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar á Arnarstapa fyrir frístundabyggð F-4 og F-5

Gerð er óveruleg breyting aðalskipulags vegna frístundabyggðar á svæðum F-4 og F-5 á Arnarstapa, við Móa, Lækjarbakka og Jaðar. Bæjaryfirvöld hafa á liðnum árum aukið svigrúm varðandi stærð frístundahúsa. Á deiliskipulagssvæðinu eru all mörg hús orðin stærri en gert er ráð fyrir í deiliskipulagi frá 1988. Fyrirhugað er að gera breytingu á deiliskipulagi til að auka svigrúm varðandi stærðir húsa, því í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir að á lóðum yrðu að jafnaði ekki stærri en 50 fermetra hús. Lóðirnar eru í tengslum við víðáttumikil útivistarsvæði og vilja skipulags- og bæjaryfirvöld því gefa svigrúm fyrir aukið byggingarmagn á lóðum. Ekki er fyrirhugað að stækka lóðir og aðalskipulagskort er ekki breytt. Eftirfarandi breytingar eru gerðar í kafla 3.1.8.3 bls. 41 í greinargerð með aðalskipulagi.

Breytingar á almennum texta um frístundabyggð á Arnarstapa:

Fyrir breytingu stendur: Á Arnarstapa er gert ráð fyrir að heimilt nýtingarhlutfall á frístundalóðum verði 0.02 til 0.05, nema strangari skilgreining sé í deiliskipulagi.

Eftir breytingu standi: Á Arnarstapa er gert ráð fyrir að heimilt nýtingarhlutfall á frístundalóðum verði 0.02 til 0.07, nema strangari skilgreining sé í deiliskipulagi.

Um þau svæði sem breyting tekur til verður eftirfarandi texti í greinargerð óbreyttur:

F-4: Við Móa eru deiliskipulagðar 9 frístundalóðir sem allar eru fullbyggðar. Stærð svæðis er 23.000 m².

F-5: Næst Hellnahrauni við Jaðar og Lækjarbakka er í gildi deiliskipulag fyrir 27 lóðir og eru þær allar þegar byggðar. Stærð svæðis er 71.000 m², eða 7.1 ha.

Breyting texta um þau svæði sem óveruleg breyting aðalskipulags tekur til:

Fyrir breytingu stendur:

Stefnumörkun á Arnarstapa: Á svæði F-1 verði lögð áhersla á að ekkert rask verði á hrauni, en það nýtur hverfisverndar. Þar verði hámarks nýtingarhlutfall á þeim hluta lóðar sem er skilgreindur sem frístundasvæði allt að 0.02. Á svæðum F-2, F-3, F-4 og F-5 er í gildi deiliskipulag. Heimilt er að leyfa nýtingarhlutfall allt að 0.04 ef ekki eru strangari ákvæði í deiliskipulagi.

Eftir breytingu standi:

Stefnumörkun á Arnarstapa: Á svæði F-1 verði lögð áhersla á að ekkert rask verði á hrauni, en það nýtur hverfisverndar. Þar verði hámarks nýtingarhlutfall á þeim hluta lóðar sem er skilgreindur sem frístundasvæði allt að 0.02. Á svæðum F-2 og F-3 er í gildi deiliskipulag og heimilt er að leyfa þar nýtingarhlutfall allt að 0.04 ef ekki eru strangari ákvæði í deiliskipulagi. Á svæði F-4 og F-5 er í gildi deiliskipulag. Heimilt er að leyfa nýtingarhlutfall allt að 0.07 ef ekki eru strangari ákvæði í deiliskipulagi.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar sem auglýst var skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarráði Snæfellsbæjar í umboði bæjarsjórnar þann

3. júlí 2024

undirskrift

undirskrift

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

3. SEPTEMBER 2024

undirskrift

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 - 2031
Arnarstapi - Hellnar, frístundabyggð F-4 og F-5 á Arnarstapa 1 : 10.000

Unnið fyrir Snæfellsbæ Hildigunnur Haraldsdóttir. Dagsetning: 18.06.2024
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt. 080654-4219, skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar